

verði 0.1 mg/ml. Blandið þessa stofnlausn með 4% edikssýru þannig, að mæli-
staðlar verði 1, 2, 3 og 4 míkrog Cd/ml.

Sex ílát af hverju tagi eru rannsökuð. Öll ílátin eru þvegin með venjulegum
þvottalegi og skoluð vandlega á eftir með kranavatni og eimuðu vatni. Skolvatni
fleygt og ílátin látin þorna. Því næst er hvert ílát fyllt með 4% (W/V) edikssýru
þannig, að á því sé ekki meira en 5 mm borð. Rúmmál sýrunnar skal mæla með
mæliglasi. Gler er lagt yfir op hvers íláts, en varast ber að láta það snerta yfirborð
vökvans. Ílátin skulu standa þannig við stofuhita í 24 klst.

Mæling.

Hrærið í vökvanum og mælið absorþans í áðurnefndu tæki og þynnið lausnina,
ef með þarf. Staðlasýni eru mæld á sama hátt og gert línurit yfir absorþans á móti
Cd-magni. Magn kadmíums í óþekktu sýni má lesa af línuritinu.

Niðurstöðutölur eru reiknaðar sem míkrog Cd/ml vökva, sbr. Division of Com-
pliance Programs, Bureau of Foods, Food & Drug Administration, 30. júní 1971.

REGLUGERÐ

um íblöndun níttríta og níttrata í kjöt, kjötvörur og aðrar sláturafurðir.

1. gr.

Eigi má auka í kjöt, kjötvörur og aðrar sláturafurðir öðrum níttrítum eða nit-
rötum en kalíum- eða natríumsöltum (kalíumníttrit, natríumníttrit, kalíumníttrat,
natríumníttrat) og eigi með öðrum hætti en greinir í þessari reglugerð.

Eigi má við vinnslu á kjöti, kjötvörum eða öðrum sláturafurðum nota níttrit
og níttrat í sömu vöru.

2. gr.

Níttrit má einungis auka í kjöt, kjötvörur og aðrar sláturafurðir í formi NÍT-
RÍT-SALTS, sem inniheldur minnst 0.4% og mest 0.6% af kalíum- eða natríum-
níttríti í matarsalti (natríumklóríð).

Saltþækil, sem inniheldur meira en 2 g af níttríti í lítra, reiknað sem natríum-
níttrit, er óheimillt að nota við kjötvinnslu.

NÍTRÍT-SALT má eigi nota í meira magni en svo, að í hverju kg af kjötvörurni
fullunninni sé mest 100 mg af níttríti, reiknað sem natríumníttrit.

3. gr.

Níttrit má ekki auka í kjöt eða í hakkað kjöt, fars eða því um líkt, sem haft er á
höðstólum sem nýtt.

4. gr.

Þeir einir, sem greinir í 1., 2., 3., 4. og 6. tölulið 1. málsgreinar 5. gr. laga um
eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968, mega veita viðtöku, kaupa, selja eða flytja inn
NÍTRÍT-SALT (tollskrárnúmer 28.39.), sbr. viðauka nr. 1.

NÍTRÍT-SALT má ekki afhenda, geyma eða varðveita nema í upprunalegum
umbúðum framleiðanda, enda séu þær greinilega merktar.

NÍTRÍT-SALT má ekki afgreiða gegn eiturbeiðni (sbr. reglugerð nr. 131/1971).

5. gr.

Níttrat má einungis auka í kjöt, kjötvörur og aðrar sláturafurðir við söltun og
þannig, að í hverju kg af kjötvörurni fullunninni sé mest 500 mg af níttrati, reiknað

sem kalíumnítrat. Eigi má við framleiðslu hita kjöt, kjötvörur og aðrar sláturafurðir, sem nítrat hefur verið aukið í, yfir 60°C.

6. gr.

Heilbrigðiseftirlitinu er heimilt að taka ókeypis hjá framleiðanda hæfilegt sýni af vörum þeim, er hér ræðir um, til ákvörðunar á nitríti og nitrati.

7. gr.

Um málsmeðferð og viðurlög fyrir brot á ákvæðum þessum skal fara samkvæmt 22. og 23. gr. laga nr. 85 31. desember 1968 um eiturefni og hættuleg efni.

8. gr.

Ákvæði 2. málsgreinar 1. gr. gilda ekki um bjúgu, uns öðruvísi verður ákveðið.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 15. gr. laga nr. 85 31. desember 1968 um eiturefni og hættuleg efni og öðlast þegar gildi. Samtímis fellur úr gildi 2. tölu-liður auglýsingar um nokkrar vörur úr kjöti, sem heilbrigðisráðuneytið gaf út 22. nóvember 1940.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. júlí 1974.

Magnús Kjartansson.

Almar Grímsson.

REGLUGERÐ

um viðurkenningu á innkaupsverði sérlyfja.

1. gr.

Með umsókn um skráningu sérlyfja skulu fylgja upplýsingar um fyrirhugað fob- eða cif-verð hvers forms og pakkningar og ber að skoða slíkar upplýsingar sem forsendu þess útsöluverðs er gilda skal, ef lyfið (lyfjaformið, pakkningin) yrði skráð á sérlyfjaskrá.

2. gr.

Sækja ber um sérhverjar breytingar á fob- eða cif-verði sérlyfs og miða við þá gjaldeyristegund, sem innkaupsverð er reiknað út frá.

Umsóknir um slíkar breytingar skal senda heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Lyfjamáladeild, með a. m. k. 6 vikna fyrirvara miðað við 15. febrúar, 15. maí, 15. ágúst og 15. nóvember ár hvert.

3. gr.

Lyfjaverðlagsnefnd er til umsagnar um innkaupsverð sérlyfja samkvæmt reglugerð þessari.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 69. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. júlí 1974.

Magnús Kjartansson.

Almar Grímsson.